

Vegagerðin
Helgi Hallgrímsson, vegamálastjóri
Borgartúni 7
105 REYKJAVÍK

2000110039
1400; 2300; 8717;
9310

Reykjavík, 15. júní 2001
/--

Efni: Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um lagningu Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 5. febrúar 2001 tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun:

Vegagerðin, Línuhönnun verkfræðistofa. Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Tillaga að matsáætlun. Janúar 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum: Grindavíkurbæ, Hafnarfjarðarbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti einnig tillöguna með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Grindavíkurbæ með bréfi dags. 22. febrúar 2001, Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 21. febrúar 2001, Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 23. febrúar 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 15. febrúar 2001, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 18. febrúar 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 21. febrúar 2001, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 6. mars 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 26. febrúar 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 26. febrúar 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 21. febrúar 2001. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 6. mars 2001 og með bréfi móttakið 12. mars 2001.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til Vegagerðarinnar dags. 13. mars 2001 var ekki fallist á tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar og var þar gerð grein fyrir athugasemdum Skipulagsstofnunar við tillöguna. Við ákvörðun um matsáætlun framkvæmdarinnar studdist Skipulagsstofnun einkum við innihald 13. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum ásamt umsögnum sem stofnuninni bárust vegna framkvæmdarinnar.

Í bréfi Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar dags. 6. apríl 2001 og meðfylgjandi minnisblaði veghönnunardeildar Vegagerðarinnar var óskað eftir því að Skipulagsstofnun færi yfir allt málið að nýju og minnisblaðið yrði samþykkt sem hluti af matsáætlun fyrir Suðurstrandarveg eftir því sem við ætti.

Í kjölfar bréfs Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar óskaði Vegagerðin eftir fundi með aðilum frá Skipulagsstofnun þar sem farið væri yfir málið. Fundur var haldinn á Skipulagsstofnun 2. maí sl.

Í framhaldi af fundinum sendi Skipulagsstofnun minnisblað til Vegagerðarinnar dags. 18. maí 2001 þar sem farið var yfir minnisblað veghönnunardeildar Vegagerðarinnar, tilgreint við hvaða liði í ákvörðun Skipulagsstofnunar og reglugerð nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi atriði í minnisblaðinu ættu við og á grundvelli þess gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar við hvert atriði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun, með þeim viðbótargögnum sem fram komu í minnisblaði veghönnunardeildar Vegagerðarinnar dags. 6. apríl sl. og á fundi Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar 2. maí sl. væri enn ófullnægjandi hvað varðaði:

- Umfjöllun um staðsetningu og umfang efnistökuastaða að teknu tilliti til mismunandi kosta á legu vegarins.
- Umfjöllun um afmörkun framkvæmdasvæðis og líklegt áhrifasvæði.

Því var ekki fallist á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.

Með bréfi Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar dags. 6. júní 2001 fylgdu uppdrættir sem sýna efnistökusvæði, framkvæmdasvæði og líklegt áhrifasvæði Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Í bréfinu kemur fram nánari lýsing á því hvernig fjallað verði um staðsetningu og umfang efnistökuastaða að teknu tilliti til mismunandi kosta á legu vegarins og afmörkun framkvæmdasvæðis og líklegt áhrifasvæði í matsskýrslu.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur Skipulagsstofnun að tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun, með þeim viðbótargögnum sem fram koma í minnisblaði veghönnunardeildar Vegagerðarinnar dags. 6. apríl sl., á fundi Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar 2. maí sl. og í bréfi

Vegagerðarinnar dags. 6. júní sl. sé fullnægjandi og fellst Skipulagsstofnun því á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun Suðurstrandarveggar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit af ákvörðun Skipulagsstofnuna og bréfi Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar og minnisblað veghönnunardeildar Vegagerðarinnar dags. 6. apríl 2001, minnisblaði Skipulagsstofnunar til Vegagerðarinnar dags. 18. maí 2001 og bréfi Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar dags. 6. júní 2001:

Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarbær, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri og Þjóðminjasafn Ísland, Línuhönnun verkfræðistofa.